



Reykjavík 13. ágúst 2014

Ágæti skólastjórnandi.

Nú stýttist í að verkefninu **Göngum í skólann** (www.iwalktoschool.org) verði hleypt af stokkunum í áttunda sinn hér á landi. Verkefnið verður sett miðvikudaginn 10. september og lýkur því formlega með alþjóðlega **Göngum í skólann** deginum miðvikudaginn 8. október. Markmið verkefnisins eru að hvetja börn til að tileinka sér **virkan ferðamáta** í og úr skóla og auka færni þeirra til að ferðast á öruggan hátt í umferðinni.

Ein einfaldasta leiðin til að auka hreyfingu í daglegu lífi er að velja virkan ferðamáta, svo sem göngu, hjólréiðar, hlaup, línuskautar og hjólabretti. Ávinningurinn er ekki aðeins bundinn við andlega og líkamlega vellíðan heldur er þetta einnig umhverfisvæn og hagkvæm leið til að komast á milli staða.

Á síðasta ári tóku milljónir barna frá yfir 40 löndum víðs vegar um heiminn þátt í **Göngum í skólann** með einum eða öðrum hætti. Nýtt þátttökumet var slegið hér á landi en alls voru 64 skólar skráðir til leiks.

Á heimasíðu **Göngum í skólann** www.gongumiskolann.is eru allar nánari upplýsingar. Þar má meðal annars finna skemmtilegar útfærslur nokkurra skóla á Íslandi á verkefninu auk ýmiss konar efnis frá þátttökuskólunum.

Tvær handbækur geta nýst skólum við útfærslu á verkefninu. Þær eru *Handbók um hreyfingu fyrir grunnskóla* (sérstaklega kafli 3) sem Embætti landlæknis gefur út og *Handbók í umferðarfræðslu* sem Samgöngustofa gefur út. Hægt er að nálgast bækurnar rafrænt á síðunum www.umferd.is og www.landlaeknir.is. Á þessum heimasíðum má einnig finna annan fróðleik sem snýr að heilsuefningu og umferðarfræðslu en www.umferd.is er samstarfsverkefni Grundaskóla á Akranesi, Námsgagnastofnunar og Samgöngustofu.

Við viljum benda á að Iðjubjálfafélag Íslands mun standa fyrir Skólatöskudögum í viku 40 (29. september-3. október n.k.). Hægt er að fá nánari upplýsingar hjá Ragnheiði Reykjalín Magnúsdóttur á netfanginu fraedslunefnd.ii@sigl.is

Þeir skólar sem ætla að taka þátt í **Göngum í skólann** verkefninu þurfa að skrá sig til þátttöku með því að senda póst á sigrídur@isi.is í síðasta lagi 28. ágúst n.k. Ekkert kostar að skrá sig! Tilgreina þarf nafn tengiliðs ásamt stuttri lýsingu á hvað viðkomandi skóli ætlar að gera í tilefni af **Göngum í skólann** mánuðinum. Það getur verið til dæmis að halda sérstaklega upp á alþjóðlega **Göngum í skólann** daginn, leggja áherslu á þetta þema í eina viku eða allan tímann sem að verkefnið stendur. Nafn skóla sem taka þátt mun koma fram á heimasíðu verkefnisins ásamt tengli á heimasíðu skólans.

Með kveðju.

Fyrir hönd **Göngum í skólann** verkefnisins



Heimili og skóli
Landssamtök foreldra

